



Fundur hreppsnefndar 08. mars 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 8. mars 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Ennfremur var mættur Magnús Jónsson, endurskoðandi KPMG
Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 16. febrúar sl.

Lögð framfundargerð hreppsnefndar frá 16. feb. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 1. mars sl.

Lögð fram fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 1. mars sl.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. mál. Fundargerð menningarmálanefndar frá 15. feb. sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð menningarmálanefndar frá 15. feb. sl.

4. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 5. mars sl.

Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 5. mars sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir hugmyndum nefndarinnar um breytingu á lagfæringu á trébryggju. Hafnarnefnd leggur til í fundargerðinni ákveðna úfærslu, sem miðar að því að fá flotbryggjur frekar en að byggja upp trébryggjuna. Eins og fram kemur í fundargerðinni leggur nefndin til að hafnarstjóra verði falið að afla heimildar Siglingastofnunar til þess að fara þessa leið. Jafnframt að kalla eftir tilboðum í flotbryggjur miðað við þær hugmyndir sem fram eru settar í fundargerðinni.

Nokkrar umræður urðu um þennan lið og töldu fundarmenn þetta áhugaverða hugmynd.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða tillögu hafnarnefndar í þessum efnunum.

5. mál. Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta fyrir árið 2011.-Fyrri umræða- Á fundinn mætir fulltrúi KPMG.

Á fundinn mætti endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson.

Lagður fram ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2011 fyrir A- og B-hluta sjóði, ásamt sundurliðunum. Jafnframt lögð fram skýrsla endurskoðenda með ársreikningum 2011. Ennfremur lögð fram greinargerð sveitarstjóra með ársreikningum ársins 2011.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum ársreikningi og fór yfir greinargerð sína með reikningunum, í henni segir meðal annars:

Í fyrsta lagi:

„Heildartekjur A- hluta sveitarsjóðs voru 468,2 m. kr., þar af voru útsvar og fasteignaskattur 263,7 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 134,6 m. kr. og aðrar tekjur 70,0 m. kr.

Heildargjöld A- hluta voru á hinn vænginn 435,7 m. kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Að viðbættum afskriftum 26,0 m.kr. eru gjöld A- hluta 461,7 m.kr. og þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda að fjárhæð 95,9 m.kr. í tekjur umfram gjöld er rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 102,4 m.kr.

Rétt er að geta þess að í ársreikningi 2011 er halla B-hluta fyrirtækja mætt að fullu með framlögum úr A-hluta samtals að fjárhæð 34,0 m.kr. Rekstrargjöld í aðalsjóði hækka af þeim sökum sem því nemur.

A- hluti sveitarsjóðs skilar samkvæmt þessu 32,5 m.kr. í hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði svokölluð EBITDA, en samstæðan öll, þ. e. A- hluti að viðbættum B-hluta sjóðum er rekin með liðlega 154,9 m. kr. hagnaði á sama grunni, þ. e. EBITDA.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 616,7 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 44,7 m. kr., voru 506,3 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 110,3 m.kr. Þegar aftur á móti tekið hefur verið tillit til niðurstöðu fjármunatekna og –gjalda, að fjárhæð 144,5 m.kr. í tekjur umfram gjöld kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 254,7 m. kr. hagnaði árið 2011.

Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar um liðlega 6,4 % eða úr 433,7 m. kr. 2010 í 461,7 m.kr. árið 2011. Heildargjöld að teknu tilliti til fjármagnsgjalda/tekna lækka um 32,1 % eða úr 532,7 m.kr. 2010 í 361,9 m.kr. árið 2011. Þetta skýrist af langstærstum hluta af því að sveitafélagið seldi eignarhlut sinn í HB Granda á árinu. Söluhagnaður vegna sölnunnar veldur að fjármagnstekjur eru mun meiri en fjármagnsgjöld.

Hagnaður samstæðunnar í heild breytist úr 41,8 m.kr. árið 2010 í 254,7 m.kr. hagnað árið 2011. „

Í öðru lagi:

„Laun og launatengd gjöld saman hækka úr 247,1 m.kr. 2010 í 260,9 m.kr. 2011, sem er 5,3 % hækkun. Séu launin aðgreind frá launatengdu gjöldunum kemur í ljós að þau hækka úr 202,2 m. kr. árið 2010 í 210,7 m. kr. árið 2011 eða 4,2 %. Launatengdu gjöldin hækka úr 45,1 m. kr. 2010 í 48,2 m. kr. árið 2011 eða um 6,9 %. Ákvarðanir um fjárhæðir launatengdra gjalda skipta sköpum í launamassanum eins og hér kemur berlega í ljós, þegar launatengd gjöld eru orðin svona stór hluti útgreiddra launa.

Á árinu 2011 var stigið skref í sölu hlutabréfa í fyrirtækinu HB Granda sem sveitarfélagið átti. Söluandvirði bréfanna að frádregnum sölukostnaði var 476,7 m. kr. og var stærsti hluti þessara fjármuna nýttur til niðurgreiðslu lána sveitarfélagsins. Aðgerð þessi er til mikilla hagsbóta fyrir rekstur sveitarfélagsins inn í framtíðina. Afborganir og vaxtagreiðslur næstu ára munu lækka verulega, sem leiðir til þess að mögulegt er að vinna að margvíslegum góðum verkum í samfélaginu án þess að taka ný lán. Stefna sú sem sett er fram með þessum hætti kemur einnig vel fram í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2012-2015.“

Í þriðja lagi:

“Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 433,2 m. kr. á árinu. Samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2011 átti einungis að greiða niður lán um 96,7 m.kr. Mikið átak var því stigið í að lækka skuldir á árinu. Þetta tókst með því að selja eignir og nýta stóran hluta söluandvirðis þeirra til niðurgreiðslu lána. Með þessu móti tókst að lækka hlutfall skulda og skuldbindinga sveitarfélagsins af heildartekjum úr 185 % í 114,5 %, sem er gríðarlega góður árangur. Í nýjum sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi 1. janúar 2012 er lögð sú lína að þetta hlutfall megi ekki fara yfir 150 % og er sveitarfélögum gefinn 10 ára aðlögunartími til þess að ná því marki.”

Í fjórða lagi:

„Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 74,4 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 82,9 m.kr. Þetta fjármagn gengur síðan til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið.

Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé í árslok er 156,1 m.kr. en var í upphafi ársins 19,5 m. kr.

Í heild verður að segja að sá mikli árangur sem náðist í að afsetja eignir á árinu 2011 og nýta söluandvirðið að stórum hluta til niðurgreiðslu lána er sú aðgerð sem mestu skiptir fyrir fjárhag Vopnafjarðarhrepps til framtíðar. Fjármagnskostnaður lækkar til muna og jafnframt lækka árlegar afborganir verulega. Rými sveitarfélagsins til þess að sinna skylduverkefnum sínum eykst því til muna fyrir tilstilli þessarar aðgerðar. Milli árunna 2010 lækkuðu skuldir og skuldbindingar úr 1.064 m. kr. í 706,4 m.kr. og samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2012-2015 er ráðgert að heildar skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins verði komnar niður í 325 m. kr. í árslok 2015. Hlutfall skulda og skuldbindinga hefur samkvæmt þessu lækkað úr um 185 % í tæplega 114,5 % milli árunna 2010 og 2011 og áætlað er að það verði komið í tæplega 53 % í árslok 2015. Eins og fyrr hefur verið greint frá er viðmið nýrra sveitarstjórnarlaga varðandi þetta hlutfall að það skuli vera innan við 150 %.

Miðað við niðurstöðu þessa ársreiknings geta Vopnfirðingar horft björtum augum til framtíðar. Ljóst er þó að halda þarf fast um stjórnvölinn til þess að settum markmiðum verði náð.“

Í framhaldi af yfirferð sinni lagði sveitarstjóri síðan til að ársreikningunum yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson, fór síðan skilmerkilega yfir ársreikningana og endurskoðunarskýrslu sína með ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2011 og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Að yfirferð hans lokinni, þakkaði oddviti fyrir greinargóðar lýsingar beggja aðila. Síðan fóru fram frekari umræður og fyrirspurnir þar sem endurskoðandi ásamt sveitarstjóra svöruðu framkomnum fyrirspurnum.

Að þessu loknu bar oddviti upp fyrirleggjandi tillögu um að vísa ársreikningunum til síðari umræðu. Tillagan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál. Umsögn Vopnafjarðarhrepps um samgönguáætlun 2011-2014 og 2011-2022.

Lögð fram umsögn Vopnafjarðarhrepps um samgönguáætlun 2011-2014 og 2011-2022, sem dagsett er 23. feb. sl. Umsögnin var kynnt og yfirfarin af alsherjarnefnd sveitarfélagsins áður en hún var send til Umhverfis- og samgöngnefndar Alþingis. Afrit fóru einnig til Innanríkisráðuneytisins og Vegagerðarinnar.

Farið var yfir helstu atriði umsagnarinnar og þær áherslur sem Vopnafjarðarhreppur leggur helst áherslur á í samgöngumálum. Talsvert miklar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum í samgöngumálum fjórðungsins.

Í kaflanum um flugsamgöngur kom fram að rekstrarstyrkur til flugsamgangna til Vopnafjarðarhrepps og Þórshafnar er ekki tryggður nema til ársins 2014. Fundarmenn töldu þetta algerlega óásættanlegt þar sem hér er um eina almenningssamgöngumátan til og frá sveitarfélaginu að ræða. Töldu fundarmenn mjög brýnt að þegar í stað verði hafist handa við að tryggja þennan mikilvæga samgöngumáta til og frá Vopnafirði.

Í þessu sambandi var lögð fram svofelld ályktun:

“ Vopnafjarðarhreppur telur það fullkomlega óásættanlegt að rekstrarstyrkur vegna áætlunarflugs frá Vopnafirði og Þórshöfn sé ekki tryggður nema til næstu tveggja ára. Fyrir íbúa þessara staða er þetta eini almenningssamgöngumátinn til og frá viðkomandi stöðum. Þessi mikilvægi samgöngumáti má ekki undir neinum kringumstæðum falla niður. Enda eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar að almenningssamgöngur séu góðar innan svæða og einnig og ekki síður til og frá höfuðborg allra landsmanna. Vonast er til þess að yfirvöld samgöngumála tryggi fjárveitingar til þessara samgangna.”

Fundarmenn lýstu áhyggjum sínum varðandi þá óvissu sem væru í þessum málum fyrir íbúa svæðisins.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál. Bréf Sambands Ísl. Sveitarfélaga frá 24. feb. sl., varðandi landsþing sambandsins, sem haldið verður 23. mars nk

Lagt fram bréf Sambands Ísl. Sveitarfélaga frá 24. feb. sl., þar sem boðað er til 26. Landsþings Sambands Ísl. Sveitarfélaga, sem haldið verður föstudaginn 23. mars nk. í Reykjavík.

Þórunn Egilsdóttir, oddviti er kjörinn fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á þingið.

8. mál. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 27. feb. sl., þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn sjóðsins.

Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga frá 27. feb. sl., þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðsins. Framboðum skal skila í síðasta lagi á hádegi 16. mars nk.

9. mál. Bréf dags. 5. mars sl., frá hópi fólks hjá HB Granda, varðandi leikskólamáli.

Lagt fram bréf dags. 5. mars sl. frá starfsfólki HB Granda, þar sem óskað er eftir tilfærslu á sumarlokun leikskólans Brekkubæjar til samræmis við sumarleyfi hjá HB Granda.

Bréfið hefur þegar verið kynnt forsvarsmönnum leikskólans.

Miklar umræður urðu um fyrirliggjandi erindi og hvernig helst væri mögulegt að mæta þörfum fólksins. Fundarmenn töldu gott og nauðsynlegt að fá þessa umræðu til þess að unnt yrði að finna bestu lausnir í þessum málum með tilliti til barna, foreldra og starfsfólks.

Hreppsnefnd lagði síðan til að visa erindinu til fræðslunefndar sveitarfélagsins og kalla eftir tillögu nefndarinnar í þessum efnunum.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

10. mál. Bréf Orkustofnunar frá 28. feb. sl., varðandi nýtingarleyfi á köldu vatni.

Lagt fram bréf Orkustofnunar frá 28. feb. sl., varðandi nýtingarleyfi á köldu grunnvatni hjá vatnsveitum sveitarfélaga. Hér er átt við breytingar sem urðu við gildistöku auðlindalaga 18. júní 1998. Heimildir á nýtingu á því magni vatns sem hafin var fyrir umræddan gildistíma auðlindalaganna eru í samræmi við þágildandi vatnalög nr. 15/1923.

Orkustofnun skorar á sveitarfélög og/eða vatnsveitur, þar sem nýtingarleyfi skortir að sækja um það eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 15. sept. nk.

Miðað við lagalega túlkun lagana ætti Vopnafjarðarhreppur ekki að þurfa að sækja um leyfi af þessum toga, þar sem ekki hafa verið tekin ný svæði til nýtingar frá þessum tíma.

Til að taka af allan vafa í þeim efnunum samþykkir hreppsnefnd að fela sveitarstjóra og forstöðumanni áhaldahúss að ræða við Orkustofnun um leyfisveitingar þessar.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum

11. mál. Grímsstaðir á Fjöllum. –Samstarf sveitarfélaga-Hugmyndir-

Lagt fram minnisblað varðandi samvinnu nokkurra sveitarfélaga um hugsanleg kaup og leigu á jörðinni Grímsstöðum á Fjöllum. Jafnframt var lagt fram ljósrít af frétt um málið, sem birtist í Morgunblaðinu.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Eyjafjarðar vinnur að því að skoða möguleika sveitarfélaganna í þessu sambandi.

Talsverðar umræður urðu um málið og þá möguleika sem felast í þessu varðandi uppbyggingu á ferðaiðnaði og almennt atvinnu á svæði sveitarfélaganna frá Akureyri yfir til Vopnafjarðar.

Fundarmenn töldu eðlilegt að fylgjast með þeirri vinnu, sem í gangi er varðandi málið og sjá til hvers hún leiðir.

Sveitarstjórnarmenn töldu þó alveg ljóst að ganga yrði þannig frá málum að ekki yrði um fjárhagslegar skuldbindingar eða ábyrgðir fyrir sveitarfélögin að ræða. Enda eru þeim settar nokkuð þröngar skorður hvað það varðar í nýjum sveitarstjórnarlögum.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundur um starfsmenntun 15. mars nk. á vegum Menntamálaráðuneytis

Lagt fram bréf Menntamálaráðuneytisins frá 15. mars sl., þar sem boðað er til fundar um starfsmennt á Reyðarfirði 15. mars nk.

Hreppsnefnd telur æskilegt að einhverjir fulltrúar Vopnfirðinga mæti á fundinn.

b) Erindi Landgræðslunnar dags. 20. feb. sl., varðandi styrk.

Lagt fram bréf landgræðslunnar frá 20 feb. sl., varðandi styrk, vegna samstarfsverkefnisins "Bændur græða landið".

Vopnafjarðarhreppur hefur styrkt þetta verkefni á liðnum árum og samþykkir að gera það áfram að fjárhæð 70.000 kr. eins og óskað er eftir.

c) Bréf Veiðifélags Hofsár dags. 24. feb. 2012.

Bréf veiðifélags Hofsár frá 24. Feb. sl. lagt fram til kynningar.

d) Fundargerð framkvæmdastjórnar, Skólaskrifstofu Austurlands frá 14. feb. sl.

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.18